

Alþingi
Erindi nr. P 128/995
komudagur 14. 2. 2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um um staðla og Staðlaráð Íslands, skjal nr. 699/2003, 461. mál.

Staðlar gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda hindrunarlausum viðskiptum á milli landa. Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna eiga að gæta af stöðlum. Stjórn Staðlaráðs Íslands gegnir því hlutverki að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla í samvinnu við hagsmunaaðila, svo sem hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, samtök og fyrirtæki.


Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa allt frá stofnun Staðlaráðs verið virkir þátttakendur í stjórn og faglegu starfi á vegum þess. Lagalegur rammi um starfsemi Staðlaráðs var síðast skilgreindur í lögum nr. 97/1992. Frá setningu laganna hefur framkvæmd staðlasetningar og innviðir staðlastarfsins á Íslandi þróast og er það ein af ástæðum þess að nú er farið í lagabreytingu þessa.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að; *meginatriði laga um staðla frá 1992 haldist óbreytt í frumvarpi þessu. Hins vegar eru lagðar auknar skyldur á Staðlaráð Íslands en breytingin frá gildandi lögum um staðla snýr að verulegu leyti að hlutverki og starfsemi þess. Aðild Íslands að EES- samningnum frá árinu 1992 lagði m.a. þær kröfur á íslensk stjórnvöld að taka upp svonefndar nýaðferðartilskipanir þar sem hlutverk staðla í íslenskum réttarheimildum og samfélaginu almennt varð mun veigameira en áður. Þróunin síðustu tíu ár hefur orðið sú að notkun staðla í stað hefðbundinna reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla hefur reynst vel og eru staðlar nú teknir upp á sífellt fleiri sviðum.*


Þessi þróun hefur kallað á að hlutverk Staðlaráðs Íslands verði fest betur í sessi en með gildandi lögum um staðla, nr. 97/1992. Sömuleiðis er nauðsynlegt að kveða á um tilvist fagstaðlaráða þar sem innan þeirra fer fram það faglega starf sem staðlar grundvallast á. Ljóst þarf að vera hvaða umboð þau hafa þar sem þau vinna að því að semja staðla sem munu í sumum tilvikum verða bindandi fyrirmæli. Nauðsynlegt þykir einnig að kveða nánar á um hvernig rekstri Staðlaráðs skuli háttað þar sem það er opinber vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun þótt það sé ekki opinber stofnun. Einnig þykir nauðsynlegt að fram komi í lögum með hvaða hætti starfsemi Staðlaráðs skuli fjármögnuð.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eru sammála þeim viðhorfum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu og vonast til að það verði að lögum sem fyrst.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Davíð Lúðvíksson,
forstöðumaður/
Starfsgreinar, þjónusta og þróun